

## LISTIR

# SVÍPIR ÚR LIST ÁSMUNDAR

## MYNDLIST

### Ásmundarsafn

#### SVÍPIR LANDS OG SAGNA

Verk Ásmundar Sveinssonar.  
Sýningin er opin alla daga frá kl. 13-16,  
henni lýkur í febrúar 2002.

ÁSMUNDUR Sveinsson telst til frumkvöðla íslenskrar höggmyndalistar, enda hluti af annarri kynslóð íslenskra myndlistarmanna er helguðu sig myndlist. Vinnustofa og heimili Ásmundar voru gerð að listasafni, Ásmundarsafni eftir dauða listamannsins árið 1982 og þrýða verk hans jafnan garðinn umhverfis safnið, þó verk annarra listamanna sé á stundum að finna í sýningarsölunum inni fyrir. Svipir lands og sagna er þó tileinkuð Ásmundi einum og tekst stjórnendum sýningarinnar vel upp með þessa yfirlitssýningu á verkum listamannsins, enda sýningin bæði vel skipulögð og aðgengileg fyrir gesti.

Drengur, verk frá 1925 tekur á móti sýningargestum í fyrsta sal safnsins, ásamt Svörtungjani (26) og Dauða Grettis (28). Þessi verk eru öll frá því snemma á ferli Ásmundar, líkt og tímalínan yfir æviskeið listamannsins, sem komið hefur verið fyrir á einum veggja salarins, er til vitnis um.

Með aðstoð tímalínunnar og þess skipulags sem einkennir uppsetningu verkanna eiga sýningargestir einkar auðvelt með að skynja þroskaferil Ásmundar og þá þróun sem verður í myndlist hans. Bronsskúlptúrinn Drengur öðlast þannig yfirbragð námsverks, enda verkið frá námstíma Ásmundar við Listaháskóla Stokkholms. Og á sama

hátt verður leit listamannsins að sínu eigin stílbragði augljós í mykt Svörtungjani og kúbisku yfirbragði Dauða Grettis.

Stuttum textum, sem greina frá ólíkum tímabilum í list Ásmundar, hefur verið komið fyrir á veggjum safnsins. Að ósekju mættu textarnir vera aðeins ítarlegri, en ásamt tímaröðun verka gera þeir þó sýninguna einkar aðgengilega fyrir gesti, sem feta sig fyrir vikið auðveldlega í gegnum feril listamannsins.

Verk frá því eftir heimkomu Ásmundar árið 1929 eru til að mynda öll í innri sölu safnsins og hvert tímabil afmarkað. Þannig gengur áhorfandinn beint frá tilrauna-kennndri vinnu Ásmundar á námsárunum yfir að þéttvöxnu, sterklegu og hversdagslegu verunum, sem voru einkennandi viðfangs-efni hjá listamanninum á fjórða áratugnum og fyrri hluta þess fimmta.

Járnsmiður (36) Vatnsberi (37-67) og Móðir jörð (36) eru öll vel þekkt verk Ásmundar frá þeim tíma, en auk þeirra hefur Ásmundarsafn að geyma önnur og minna þekkt verk, sem eru sýningargestum kærkomin viðbót. Fýkur yfir hæðir (33), sem sýnir konu með barn í hendi berjast gegn vindinum og Heyband, skemmtilegur skúlptúr frá 1935, af pari að binda saman bagga eru ágætis dæmi um slík verk. Skúlptúrinn Heyband er einkar skemmtilegur viðkynningar sökum þeirrar hreyfingar sem einkennir verkið. Parið, sem vinnur að því að binda baggan, vegur hálfpartinn salt á bagganum og sú blekking læðist að áhorfanda, að annað þeirra kunni á næsta andartaki að detta.

Peim breytingum, sem urðu á list Ásmundar undir lok 5. áratugarins og aftur á þeim sjöunda, er einnig gerð góð skil. eru Helreiðin (44) og víðarverkið Eikin (46) þar



Morgunblaðið/Billi

Heyband, einn þeirra skúlptúra sem einkennandi eru fyrir list Ásmundar Sveinssonar á fjórða áratug síðustu aldar. Skúlptúrinn er að finna á vel skipulagðri og aðgengilegri sýningu, Svipir lands og sagna, er þessa dagana stendur yfir í Ásmundarsafni við Sigtún.

ágætis dæmi um listsköpun Ásmundar undir lok 5. áratugarins, er hann fjarlægði hversdagsleikann úr verkum sínum og leitaði þess í stað á náðir Íslendingasagna og þjóðsagna. Hér verða tengslin við íslenska náttúru mikil og verkin líkt og samsætt úr klettum og dröngum. Er Andlit sólar (61) einnig að sama skapi gott dæmi um verk hans á 7. áratugnum, er Ásmundur leitaði á náðir abstraktformsins og list hans einkenndist af hinu huglæga. Á þessu skeiði hætti hann að höggva og móta, en fór þess í stað að safna saman málmútum, sem hann ýmist notaði óbreytta eða setti saman.

Verkin í Ásmundarsafni eru öll af mjög svo hóflegri stærðargráðu, enda um frummyndir listamannsins að ræða. Verk á borð við Helreiðina kunna að missa nokkuð af krafti sínum í þessari smækkuðu mynd, en mykt verkanna eykst hins vegar í hlutfalli

við smæð þeirra. Sýningargestur er hér einnig gert kleift að virða verk Ásmundar fyrir sér í miklu návígi hvert við annað og sum hver í því umhverfi þar sem þau voru sköpuð.

Að ósekju hefði verið gaman að geta nálgast meiri fróðleik um listamanninn á sýningunni og gaman hefði verið að fá svipada kynningu á höggmyndalist hans og veitt er á byggingu Ásmundarsafns sjálfs. Það er þó hins vegar einna helst ótamin birta, sem endurvörpast af hvítum veggjum safnsins, sem vinnur gegn sýningunni. Sýningin Svipir lands og sagna verður að teljast góður liður í því átaki Listasafns Reykjavíkur að auka aðsókn höfuðborgarþíða að safninu, sem og þörf áminningu um þann þátt sem listamaðurinn á í íslenskrum menningar- og listasögu.

Anna Sigríður Einarsdóttir

## Líkin í lestinni

### LEIKLIST

#### Glerárskóli á Akureyri

##### FENRIS V

Ragnarock frá Danmörku, Dramash frá Álandseyjum, Fívil frá Færeyjum, Alleq frá Grænlandi, Leikklúbburinn Saga frá Íslandi, Sámi Vildonat frá Noregi og Cameleonterna frá Svíþjóð.

Leikstjóri: Agnar Jón Egilsson. Útlit: Sigurður Keiser. Tónlist: Kristian Blak. Föstudaginn 6. júlí.

FENRIS er einstakt fyrirbæri, bæði í íslensku leikhúsi og norrænni samvinnu. Frá 1985 hafa fimm sýningar verið unnar undir þessu heiti, samstarfsverkefni unglingaleikhópa víðsvegar að af Norðurlöndunum. Nú hefur sú fimmta verið frumsýnd, og við tekur leikferð um Norðurlöndin, sem væntanlega verður ógleymanlegt ævintýri fyrir þátttakendur alla.

Sama má líklega segja um sköpunarferlið allt, því sýningin er greinilega samstarfsverkefni allra þátttakenda, og vel hefur tekist að mynda einn stóran hóp úr leikhópunum sjö sem að verkefninu standa.

Sýningin sver sig í ætt við aðrar fjölmennar hópunnusýningar þar

sem tungumálið verður að víkja úr fyrsta sæti sem tjáningartæki. Einföld saga, skýr tákn, tónlist, endurtekningar. Innan þessa ramma nær Fenris V að vera býsna áhrifamikil sýning, dulúðug, kraftmikil og fellur aldrei í predikunargryfjuna þótt viðfangsefnið sé mannegleg brestir.

Í upphafi er lífsháski og þegar björgin berst í líki skíps er ekki rúm fyrir alla. Þeir sem er hafnað eru þó ekki úr sögunni, heldur taka á sig mynd skuggahlíðar mannlífsins, alls þess sem við bælum og höfnum í fari okkar sjálfra. Sá sem nær að beisla þau myrku öfl getur náð völdum um tíma, en sú leið felur í sér tortímingu og sýningin endar líkt og hún byrjar, með syndafalli.

Skipið er megintákn sýningarinnar og er auðvitað margrætt; heimur í hnotskurn, mannsálin, lífsbjörgin. Fenrisfólk nær að halda þessu tákni lifandi gegnum alla sýninguna, sem byggir ekki síst á því að þau treysta efnivið sínum og leyfa mótsögnum að tala, boðskapurinn verður aldrei allveg skýr. Enda eru spurningarnar stórar og fara með áhorfendum út að leik loknum. Þannig á það að vera.

Leiðtogar hópsins eiga heiður skilinn. Sigurður Keiser fyrir einfaldan ramma sem tekur aldrei neitt frá leikhópnum en styður allt sem fram fer, Kristian Blak fyrir að virkja tónlistina í fólkinu og beina henni í sömu átt og sýningin í heild en þó fyrst og síðast Agnar Jón Egilsson fyrir að stilla saman þessa sjö strengi. Fenris V er önnur Fenrissýningin sem ég sé og tekur þeirri fyrri langt fram, fyrst og fremst vegna þess hve vel hefur tekist að láta hópana vinna saman og hve langt hópurinn hefur komist á þeim stutta tíma sem hann hefur haft til eiginlegrar samvinnu.

Það verður að stórum hluta að þakka stjórnandanum.

Ég óska þessum samstillta og kraftmikla hópi til hamingju með frumsýninguna og góðrar siglingar.

Porgeir Tryggvason

## Íslensk alþýðusöngmennt uppáklædd

### TÓNLIST

#### Þjóðlagahátíð á Siglufirði

##### KAMMERTÓNLEIKAR

Tónsmíðar byggðar á íslenskum þjóðlögum eftir Þorkel Sigurbjörnsson, Fjölmi Stefánsson, Hildigunni Rúnarsdóttur, Árna Björnsson, Sigursvein D. Kristinsson og Jórnni Víðar. Sláttukvintettinn (Þórunn Guðmundsdóttir sópran; Hallfríður Ólafsdóttir, flauta; Ármann Helgason, klarínnett, Lovísa Fjeldsted, selló; Örn Magnússon, píanó). Siglufjarðarkirkja 12. júlí kl. 20.

ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐIN á Siglufirði var sett í annað sinn þriðjudaginn 10. júlí með framkomu þjóðlagaflokksins Emblu. Næsta kvöld fór fram „Lygívakka“, kvöldvaka með sögum, fjöldasöng og vísnakveðskap. Þegar undirritaðan bar að garði í blíðskaparveðri fimmtudagskvöldið 12.7. voru tónleikar í kirkjunni undir fyrirsögninni *Kindur og ókindur – Þjóðlög í sparifötunum*. Um var að ræða útsetningar eða hugleiðingar sex tónskálda um íslensk þjóðlög fyrir álfka margar mismunandi áhafnarsamsetningar söngvara, flautu, klarínetts, sellós og píanós; frá einum fletjanda og allt upp í fimm.

Fyrst voru fjögur þjóðlög fyrir klarínnett og píanó eftir Þorkel Sigurbjörnsson, þ.e. Ljósið kemur langt og mjótt, Björt mey og hrein, Yfir kaldan eyðisand og Ókindarkvæði („Það var barn í dalnum sem datt oní gat“). Lögín eru meðal skemmtilegra þjóðlaga, enda útfærsla tónskáldsins eftir því innblásin; stundum göldrótt (1.), stundum við ægitzæran kontrapunkt (2.) og auðvitað með galsafengnum gálghúmor í Ókindarkvæðinu sem

korréttustu uppeldisfræðingar nútímans myndu eflaust banna ef gætu – a.m.k. textann. Lögín tvö eftir Fjölmi Stefánsson fyrir rödd og píanó, Kvíða tekur, sett er sól og Grýlukvæði („Ég þekki Grýlu og ég hef hana séð. ;. Hún er sér svo ófríð og illileg ;. með“) voru furðurómantískulega unnin af þessum fyrrum serialista og þróðisvel flutt. Einkum var textatúlkunin lífleg í Grýlukvæðinu, og hefði að ósekju mátt leggja svipaða áhræzlu á þann þáttinn í seinni sönglögum dagskrár, þar eð bjartar sópranradir henta ekki allra raddsvíða bezt fyrir frá náttúrunnar hendi til að skila skýrum texta, hvað þá tjáningarríkur.

Hildigunnn Rúnarsdóttir átti tvö lög. Man ég þig mey fyrir sópran og flautu í þéttlægum kontrapunkti og Hættu að gráta hringaná, þar sem bættist við selló. Stöku tónbilum þjóðlagsins var breytt í miðhluta, og hefði kannski orkað tvímælis, hefði lagið ekki birt „óþenglað“ í lokin. Fyrir flautu, selló og söngvara voru tvö glæný (að manni skildist) lög eftir Þorkel, Hvað flýgur mér í hjarta blítt (betur þekkt sem Borinn er sveinn í Betlehem) og Einn Guð í hæðinni, hið síðara m.a. borið uppi af vel heppnuðum þræstefskontrapunkti.

Einn hinna örfáu íslenskra nýklassísta, Árni Björnsson, var meistarinna að baki fjórum samtengdum þjóðlagahugleiðingum fyrir flautu og píanó er hófust á hinu alþekktu og nærtæka Austan kaldinn á oss blés. Síðan komu tvö nánast óþekkt þjóðlög er týndust í munnlegri kynningu og loks Þabbi segir hann Steini. Skemmtilegur „söfistúkeradur“ heimsmannabragur var yfir útfærslu Árna, og gat sumt leitt hugann að umhverfi Les Six í Frakklandi.

Ekki var alveg sami þokki yfir nálgun Sigursveins D. Kristinssonar að þjóðlaginu í Þrjú þjóðlög fyrir

söngvara og klarínnett, en þó vottaði stundum fyrir frumlegum tilþrifum, t.d. í stöðugum smápíkulegum registursstökum klarínnettisins í fyrsta laginu. Eitthvað við Sofðu unga ástin mín og Ólerindi („Nú er ég glaður á góðri stund...“) sló mann sem jaðra við tilgerð, en ekki gat klarínnettistinn kvartað undan verkefnaskorti í lokalaginu.

Góðri og fjölbreyttri dagskrá lauk með sex lögum eftir Jórnni Víðar fyrir fimm mismunandi áhafnir. Barnagælusyrpan f. söng og píanó var fyrst („Hún rær og hún slær / Við hann afa vertu góð / Við skulum róa sjóinn á“), flutt frekar hægt og að manni fannst aðeins of kraftlaust. Sagnadansinn Sætrólkskvæði (s., pno., fl.) var einnig ívið hægtur og full versmargur miðað við að mestu strófska úttekt (þ.e. óbreytt lag við hvert nýtt erindi), en samspil klarínetts og píanós var sindrandi skemmtilegt. Hin spunasöngslegi Dans úr „Grámanni í Garðshorni“, eina alleikna („instrumental“) lagið (Fl., Vc., Pno.), verkaði sömuleiðis nokkuð varfærið í flutningi og hefði vel mátt feykja meir földum. Elzt og minnst þekkt þjóðlagið var notað við Bí bí og blaka (S., Kl., Vc., P.); fallet lag en heldur dauflaga flutt, a.m.k. miðað við hið næsta, smá barnalagið Táta teldu dætur þínar, sem ásamt loklaginu, Nú er hlátur nývakinn, var samið fyrir fullskipaðan Sláttukvintett. Táta var örstutt en bráðhress *moto perpetuo* skvetta, og vinnheifi lokabragurinn var glimrandi vel útfærður, bæði af flutjendum og af höfundum, sem þarna galdraði fram tápmikla nýklassísta heiðríkju er minnt gat á ballett-öræfastil Aarons Coplands frá miðri nýliðinni öld og vakti mikla hrifningu hinna fjölmörgu tónleikagesta Siglufjarðarkirkju.

Ríkardur Ö. Pálsson

## Danskur organisti í Bláu kirkjunni

DANSKI organistinn Niels Henrik Jessen leikur á næstu tónleikum tónleikaraðarinnar Bláa kirkjan á Seyðisfirði annað kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20.30.

Hann leikur verk eftir dönsk tónskáld ásamt verkum eftir Dietrich Buxtehude og Max Driscner frá Þýskalandi og Alexandre Guilment frá Frakklandi.